

Gunnar Hersveinn

Hvernig ástin á fegurð bjargar okkur

Um bókina *Vá! Ritgerðir um fagurfræði náttúrunnar*
eftir Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur

„Hvers vegna segjum við „Vá!“ frammi fyrir ægifögru landslagi? Hvað þýðir það? spyr Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, lektor við listkennsludeild Listaháskóla Íslands, í ritgerðum sínum um fagurfræði náttúrunnar í samnefndri bók *Vá! Ritgerðir um fagurfræði náttúrunnar*. „Hvernig getum við rætt um slíka upplifun og þar með rökstutt verndun náttúrufegurðar?“

Vestræn vísindi og heimspeki síðustu alda hafa ekki veitt almenningi nægjanlega góð hugtök til að tjá skoðanir sínar á landslagsfegurð og vestræn stjórn mála hafa ekki tekið mark á fegurðarreynslu almennings. *Vá!* er viðleitni til að bæta úr því.

Við höfum eflaust öll margoft orðið fyrir því að hrein fólksvalaus tjáning á fegurðarreynslu okkar af náttúrunni hafi verið afskrifuð í umræðu sem ómarktækur smekkur. Við hrífumst, andinn lyftist óvænt og við öðlumst innsæi inn í eitthvað sem sem ekki er hægt að koma orðum að, nema þá með ljóðrænum hætti.

19. júní 1999 öðlaðist ég slíka reynslu af náttúrufegurð, upplifun sem vandasant var að átta sig á, lýsa með orðum, hvað þá að setja á hana mælistiku sem tekið yrði mark á. Náttúrureynslan varð enn áhrifameiri vegna vitundarinnar um að á þessum stað var ráðgert að byggja hæstu stíflu Evrópu. Hvar var þetta?

„Skömmu eftir að Sauða hefur fallið í Jökulsá eru að henni ein hrikalegustu árgljúfur á Íslandi, undir Kárahnjúkum. Þau nefnast Dimmugljúfur, ofurþröng og 160 m djúp. Þar sem gljúfrunum lýkur taka við Hafrahvamar, grasi grónar brekkur sem halla jafnt niður við Jökulsá að vestan en á móti þeim, austan við

ána, rís um 200 m hár og þverhniptur hamraveggur. Er þetta með stórfenglegustu fyrirbærum í íslenskri náttúru.¹

Ég var blaðamaður og skrifaði um djarfan leiðangur á tveimur gúmmibátum eftir ánni. Leiðangursmenn lögðu 20 km að baki í þessum óviðjafnanlegu gljúfrum. En hátt yfir höfðum þeirra, um miðbik Kárahnjúks, hafði einhver rekið niður tréhæl því þar var fyrirhugað Háslón Kárahnjúksvirkjunar.²

Við í þessum leiðangri upplifðum náttúruást sem einkennist af innlifun og barnslegri undrun. Hún spratt af gnótt og hrikafegurð og hún streymdi um æðar sem gjöf jarðar.

Við beittum fegurðarrökum í baráttunni fyrir vernd víðerna Snæfells enda hvarf vegna virkjunar feikilega mikil og víðfeðm fegurð og hágæða hálendi án hliðstæðu í Evrópu. Síðar eða árið 2005 gekk ég með hópi fólks um Kárahnjúkasvæðið með ferðafélaginu Augnablik og upplifðum við hvert undrið á eftir öðru í fimm daga, allir urðu fyrir áhrifum.. Við gengum m.a. yfir sporð Brúarárjökuls og upplifðum djúpa svelgi (e. *moulin*) á leiðinni. „Ég kom til baka með dýrð í hjarta, eitthvað fágætt, eitthvað handan verðmæta, eitthvað sem er ekki á mannlegu valdi.“³

Eitt af orðunum sem gat höndlað þessa reynslu af landslagsfegurð var *ægi-fegurð*, orð sem lýsir reynslu sem markast af óttablandinni virðingu. En ef eitthvað undursamlegt á sér stað, einhver óvænt fegurðarreynsla, þá er alveg eins líklegt að hinn fastmótaði vestræni hugur eyðileggi hana með því að krefjast skynsamlegra útskýringa. Slík nálgun útilokar oft röksemdir þess efnis að náttúruyfyrirbæri hafi gildi í sjálfu sér og spyr gjarnan um nytsemi út frá efnahaglegum forsendum.

Sköpunargáfa ljóðskáldsins getur aftur á móti milliliðalaust snert sannleikann um samband manns og náttúru, jafnvel með hversdagslegum orðum. Ingunn Snædal ólst upp á Jökuldal en neðst í dalnum hennar byltir sér úlfrá jökuláin. Hún orti um samband fólks við Jöklu sem síðar var fórnað í nafni virkjunar, þar má finna þessar línur:⁴

Þungur niður er undirleikur alls
áin er hvorki lífgjafi né vinur
en hluti af lífi fólks
mælikvarði í tali

„Andleg starfsemi sveitunganna litast af ánni,“ yrkir hún. Ljóðskáldið nemur sterkt samband fólks og náttúru án þess að flokka það sem gott eða vont, aðeins sem óhjákvæmilegt. Jafnvel þótt áin sé hrikaleg þá streymir hún eins og ljóð í hugum fólks en „Þegar hið ljóðræna víkur fyrir skynseminni er heimurinn sviptur töfrum sínum“, samkvæmt skrifum Max Weber.⁵ Það er staðreynd sem ekki mælist með hefðbundnum mælitækjum og ef við sviptum náttúruna töfrum sínum þá hverfa allir aðrir töfrar um leið.

1 Íslenska vegahandbókin 1998: 99.

2 Gunnar Hersveinn 1999: 1–4.

3 Gunnar Hersveinn 2008: 119.

4 Ingunn Snædal 2006: 28.

5 Dorthe Jørgensen 2021: 11–12.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir var við nám í umhverfisheimspeki í Bretlandi þegar deilan um byggingu Kárahnjúkavirkjunar stóð sem hæst. Það rann fljótlega upp fyrir henni að gildi landslagsfegurðar voru ekki tekin alvarlega í umræðunni, þau voru sögð of huglæg og afstæð. Guðbjörg hefur síðan þá lagt mikið til mála-anna um hvernig við getum rætt um upplifun af náttúruferð og í bókinni *Vá!* leitast hún við að svara mikilvægum spurningum með greiningum á helstu hugtökum í orðræðunni.⁶

Síðfræði náttúrunnar í íslenskri heimspeki

Síðfræði náttúrunnar er eitt af meginþemum íslenskrar heimspeki síðustu áratugina og eru rannsóknir Guðbjargar mikilvægar á þeim vettvangi. Tímaritið *Hugur* hefur verið með þemahefti, bæði tileinkað náttúrunni og fagurfræði. Rit Heimspekistofnunar Háskóla Íslands hefur einnig verið helgað þessu þema, *Náttúran í ljósaskiptunum*, árið 2016.⁷

Áður höfðu listfræðingar, náttúrufræðingar, guðfræðingar og heimspekingar sameinast í bókinni *Náttúrusýn – Safn greina um síðfræði og náttúru*, 1994, og skrifuðu þar um náttúruna m.a. út frá fagurfræðilegum sjónarhóli.

Margir íslenskir heimspekingar hafa fundið knýjandi þörf til að stunda rannsóknir á þessu sviði, m.a. vegna þess að átökin á milli náttúruspjalla og náttúruverndar hafa verið hörð hér á landi og vegna þess að perlu í náttúru Íslands hafa horfið eða orðið fyrir skaða. „Heimspekingur sem fjallar um náttúruna getur ekki verið afstöðulaus gagnvart umbyltingu hennar,“ skrifaði Ólafur Páll Jónsson árið 2007.⁸

Heimspekingar sem hafa gefið sig að þessu sviði hér á landi eru margir; nefna má, auk Guðbjargar, Pál Skúlason, Sigríði Þorgeirsdóttur, Ólafur Páll Jónsson, Henry Alexander Henrysson og Björn Þorsteinsson sem ritstýrði bókinni *Náttúran í ljósaskiptunum*.

Loks má nefna þema 3. tölublaðs *Ritsins* árið 2019: „Umhverfishugvísindi og samtími“, en þemaritstjórar þess voru Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Þorvarður Árnason umhverfis- og náttúrufræðingur.

Eitt af þeim markmiðum sem Guðbjörg hefur almennt í rannsóknnum sínum og greinaskrifum er að gefa öðrum orð og hugtök til að ræða saman um reynslu sína af náttúruferð. Ekki aðeins til að skilja okkur sjálf í samhengi við náttúruna heldur til að gefa landslagsfegurð sterka stöðu og þýðingarmikið gildi þegar ákvarðanir eru teknar um hvort rjúfa eigi friðhelgi staða.

Eitt af þeim orðum sem hún hefur fest í sessi og einkennir bókina er *fagurferði* (e. *aesthetic*), en gríska orðið *aithesis* vísar til skynrænna eiginleika (9). *Aesthetic* er einnig lýsingarorð í ensku um gildi og upplifun. „Rétt eins og síðfræði fjallar um

6 Edda R.H. Waage hefur einnig rannsakað fagurferðilegt gildi landslags og skrifað greinar með Guðbjörgu, t.d. „Að fanga fagurferðilegt gildi landslags: Þróun aðferðafræði í rannsóknnum við mat á landslagi“, *Ritið* 3/2019: 95–130.

7 *Hugur* 2010. *Hugur* 2011. *Náttúran í ljósaskiptunum* 2016.

8 Ólafur Páll Jónsson 2007: 11.

siðferði fólks, fjallar fagurfræði um fagurferði fólks“⁽¹⁰⁾. Hugtakið rúmar gildi okkar og afstöðu til ljótleika og fegurðar og myndar óhjákvæmilega sterk tengsl við siðferði.⁹

Annað einkenni bókarinnar er áhersla á líkamlega þekkingu sem við söfnum í gegnum fagurferðilega skynjun. Í margra daga (göngu)ferð getum við t.d. öðlast margþætta fegurðarreynslu. Þriðja einkennið er áminningin um að iðka heimspæki á þann hátt að það gagnist samfélaginu. Það dugar með öðrum orðum ekki fyrir heimspekninga að sitja bara heima og lesa, eins og sagt er, heldur þurfa þeir að tala, skrifa og miðla til að hafa gagnleg áhrif á umræðuna og leitast við að beita hugtökunum á sem bestan hátt.

Guðbjörg beitir aðferðum sínum á hagnýt viðfangsefni og leggur til orðaforða. Markmiðið er sjálfsskilningur í samhengi við gildin í lífinu og að gera okkur kleift að tala um fegurð og vísa til hennar sem fullgildrar röksemdar.

Bókin *Vá!* er feikilega gott framlag í umhverfissíðfræði – og náttúrafagurfræði sem losar lesandann af klafa „hreinnar“ skynsemi og mælikvörðum hennar.

Hvers virði er víðerni?

Nálgun Guðbjargar nýtist vel til að koma upplifun af náttúrefugurð í orð og til að auka skilning. Lestur á rannsóknarniðurstöðum hennar hjálpar einnig lesandanum til að íhuga eigin fegurðarreynslu, opna sig og deila með öðrum. Mig langar til nýta hvatninguna og leggja til nokkur orð um víðerni í þessu samhengi. En það voru ekki aðeins þessi þröngu þverhniptu gljúfur við Kárahnjúka sem voru í húfi á sínum tíma heldur stærsta ósnortna víðerni Evrópu, víðerni Snæfells.

Víðerni er opinn breiður faðmur lands og himins. Víðerni er ekki aðeins landslag, ekki aðeins staður heldur svæði sem býr yfir tilteknum eiginleikum sem hafa gildi á eigin forsendum og einnig út frá ýmsum sjónarhornum.

Eitt sinn voru óbyggð víðerni svo sjálfsögð að þau voru ekki nefnd á nafn nema í óeiginlegri merkingu. Núna eru þau svo fágæt að íslenska þjóðin hefur öðlast mikilvægt hlutverk gagnvart þeim og ber að vernda þau. Við höfum fengið þessa gjöf og eigum að gæta hennar og standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Íslendingar eru m.ö.o. vörslumenn um 42% af ósnortnustu víðernum Evrópu.

Víðerni¹⁰ er svæði þar sem við getum upplifað fegurð sem er engri annarri lík. Þessi upplifun gagnast okkur við að skilja okkur sjálf. Eftir að hafa orðið uppnumin sökum mikilfengleika í víðerni langar okkur til að deila reynslunni með öðrum og jafnframt að vernda svæðið. Fjölmargir lista- og fræðimenn fundu fyrir þessari knýjandi þörf til að miðla þeirri fegurð sem var að hverfa, m.a. Guðmundur Páll Ólafsson sem skrifaði bókina *Um víðerni Snæfells* fyrir Íslendinga sem fengu

9 Njörður Sigurjónsson prófessor við Háskólann á Bifröst notaði hugtakið fagurferði til að tjá *aesthetic experience* og Guðbjörg heillaðist af orðinu og merkingu þess.

10 gr. laga um náttúruvernd: *Óbyggð víðerni*: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem rafínunum, orkuverum, miðlunarlönum og uppbyggðum vegum.

öræfin í vöggugjöf en kunnu ekki með gjöfina að fara.¹¹ Þetta fólk fann innra með sér verndunarþörf eftir að hafa öðlast fagurferðilega reynslu.

Reynsla sem á sér stað í víðerni styrkir á sinn hátt viljann til að skapa samfélag fólks sem ber virðingu fyrir náttúrunni. Við rennum saman við víðáttuna og verðum eitt með henni, hugur og líkami verða einasta eitt og fyllast aðdáun og væntumþykju. Í uppljómun í víðerni finnum við fyrir hinu óræða og ósegjanlega.

Form, útlit og stærð víðerna skiptir máli en lifandi tengsl okkar við þau, upplifun og reynsla breytir okkur. Tengslin leiða af sér umhyggju og löngun til að vernda víðernin, en ekki til að stjórna eða breyta þeim. Verkefnið er að opna sig gagnvart þeim og þá opinberast fegurðin og kærleikurinn.

Allt er tengt. „Allt fólk er systkin mín og allar verur förunautar mínir. Sýnið þeim samkennd,“ er haft eftir Zhang Zai.¹² Samliðun vex þegar við skiljum tengslin á milli alls sem er; lífverur, land, víðerni. Kærleikurinn verður andinn í verkinu.

Tengslin sem myndast við víðerni opna okkur og við sjáum náttúruna eins og hún er: ómenguð og fögur. Tengslin ölva manneskjuna og vekja henni þrá til að njóta, fá að dást að og vernda. Við nemum friðhelgina, ósnortinn gríðastað, friðsæld sem ekki skal raska.

Enginn veit til fullnustu hvaðan kærleikurinn kemur eða hvort það er eitthvað sem opnar okkur gagnvart náttúrunni og leyndardómnum eða á einhvern annan veg. Eitthvað óumræðilegt er þó að verki á milli þeirra og þegar við upplifum þetta þá finnum við samliðun og vilja til að skynja hlutina eins og þeir eru. Öðlast trúnað og vináttu við landið. Ef við ræktum tengslin og kærleikann þá vex viljinn til að vernda. – Það er leyndardómurinn, að mínu mati.

Á Íslandi eru enn til ónefnd og óvirkjuð svæði og fossar. Það eru verðmæti ofar öllum útreikningum. Rask er ekki aðeins rask á jarðvegi, dal, á og landslagi. Rask er skemmd, truflun á fegurð og jafnvægi, eyðilegging á gríðlandi lífvera, samveru, gleðistundum, virðingu og aðdáun. Allt rask hefur alvarlegar afleiðingar, því það skapar ójafnvægi, færir eitthvað úr lagi.¹³

Hið ósagða, óheyrða, ósýnilega, óskrifada og óápreifanlega er ekki skiljanlegt mannlegum huga sem sundurgreindir, en þó má viðurkenna mikilvægt hlutverk þess í samhengi hlutanna og í tengslum við ímyndunarafli og sköpun. Hið ómeðfærilega er það sem skapandi hugsun ætlar sér að glíma við en ekki til að temja og greina það heldur til að varpa ljósi á það.

Órðanleg staðreynd þarf alls ekki að vera áhrifalaus, hún getur gefið hlutum gildi og verið meginþáttur í leit hugans að svari. Hið ónafngreinda verður ekki tekið frá þeim sem nemur það, þótt ekkert nafn tolli við það.¹⁴ Einstaklingurinn sem meðtekur það fellur í stafi af undrun og út millum varanna líður stundum „Vá!“¹⁵

11 Guðmundur Páll Ólafsson 2003: 130.

12 Geir Sigurðsson: 51.

13 Gunnar Hersveinn 2021: <https://stundin.is/blogg/lifsgildin/ad-raska-obyggdu-viderni/>

14 Gunnar Hersveinn 2018: <https://stundin.is/grein/6840/ad-raska-osnertum-verdmatum/>

15 „Landslag yrði / lítillsvirði, / ef það hétu ekki neitt.“ Þessa fullyrðingu sem sjá má í Fjallgöngu, ljóði

Að vernda dýrmæta fjársjóði

Manneskjan á 21. öldinni þarf á fegurðarhugtakinu að halda til að bjarga sjálfri sér og líffræðilegum fjölbreytileika frá hruni. Hún hefur blindast af eigin sköpunarverkum og orðið hugfangin af tæknilegum úrlausnarefnum. Guðbjörg telur að fegurðarhugtakið geti hjálpað okkur af þessum vegi, því það er staðsett á milli þess huglæga og hlutlæga (48). Ef við tileinkum okkur það, þá dregur úr lönguninni til að eignast og stjórna en löngunin til að vernda vex.

Við þurfum að sjá okkur sem verur í tengslum við aðra og heiminn. Kraftmikil, mikilfengleg og dulúðug upplifun af fegurð hjálpar okkur til þess. Ástin á fegurð á að „hvetja okkur til þess að bera umhyggju fyrir og vernda þessa dýrmætu fjársjóði sem fylla líf okkar merkingu“ (55–56). Fegurð er birting ljómans samkvæmt Martin Heidegger, þegar við sjáum viðfangið eins og það er (57). Upplifun á fegurð, hinu háleita, afhjúpar fyrir okkur tengslin milli alls sem er. Það sama gerist þegar við upplifum ást og fegurð: „við sleppum takinu og leyfum ástinni eða fegurðinni að taka yfir og hafa áhrif á sjálfid“ (58).

Hér er vert að vekja athygli á ritgerðinni *Hvers vegna bræðumst við tmyndunar-aflið?* eftir danska heimspekinginn Dorthe Jørgensen þar sem hún fjallar um fagurfræði. Hún telur að reynsla af náttúrufergud sé ekki fyrirsjáanleg, einfaldlega vegna þess að hún er ekki alfarið á okkar valdi heldur er hún samspil milli okkar innra lífs og umheimsins.¹⁶ Hún er samstilling huga, tilfinninga, skynjunar og náttúrunnar á ákveðnum tímapunkti og í þessari reynslu öðlast einstaklingurinn innsæi í viðfeðma veröld lífsins. „Innsæi í eitthvað fjarlægt en um leið nálægt.“¹⁷ Reynslan hefur bæði tilfinningaleg og vitsmunaleg áhrif.

Það er rétt hjá Jørgensen, reynsla af slíkri náttúrufergud er ekki eitthvað sem hægt er að kalla fram eða stjórna, fremur er rétt að segja að hún hendi okkur. Jafnvel þótt við séum á ferð á hálendinu, í skógi eða að veiðum við vatn, þá getur hugurinn verið annars staðar og við verið ósnortin eftir ferðalagið – en á góðum stundum gerist eitthvað óvænt.

Fegurðin var jafnarsett í umræðunni, „þótti lengi svo listrænt léttvæg og heimspékilega merkingarlítill“ (16), hún var aukaafurð. Guðbjörg rekur sögu fagurfræðinnar í þessu samhengi og hvernig hún endurheimtist loks inn í umræðuna og fræðin á 20. öldinni. Þar á einnig hlut að máli endurskoðun á mannverunni sem tengslaveru „sem verður fyrir áhrifum af umhverfi sínu um leið og hún hefur áhrif á það“ (18). Mörkin á milli okkar og hinna verða óljós og flæðandi. Fegurðarupplifun afhjúpar margslungið tengslanet okkar við aðra, náttúruna og jörðina sem við byggjum.

Guðbjörg skrifar um að leggja áherslu á fagurfræðilegt uppeldi, rækta fegurðarskynið og æfa okkur í því að setja eigið sjálf til hliðar. „Fegurð getur hjálpað okkur að þróa með okkur dýpri siðferðisvitund og skapa betri samfélög“ (19). Henni tekst í bókinni að lyfta landslagsfergud á herra plan og hjálpa okkur að meta

Tómasar Guðmundssonar, læra börn í skólum. Þessa staðhæfingu þarf að hrekja, því samkvæmt henni verður nafngiftin eins konar verðmiði sem gefur landslaginu gildi.

16 Dorthe Jørgensen 2021: 70.

17 Dorthe Jørgensen 2021: 73.

hana að verðleikum, m.a. í þekkingarleitinni. Landslag er umhverfi sem skynjað er fagurferðilega (20).

Rannsóknir Guðbjargar hvetja okkur til að endurskoða hugtökin sem við erum von að nota til að tjá okkur um landið og lýsa skoðunum okkar. Við þurfum að brjótast út úr tvíhyggjunni, stíga eitt skref til baka og svo tvö önnur í átt til víðsýni.

Við þurfum að læra að tala um fegurð og vísa til hennar sem röksemdar, muna að landslag í umhverfinu hefur áhrif á landslagið sem byggist upp innra með okkur í huga og líkama. Þetta eru lög af landi og lög af reynslu.

Að renna saman við náttúruna!

Forn-Grikkir báru ómælda virðingu fyrir náttúrunni og gáfu völdum stöðum og fyrirbrigðum friðhelgi.¹⁸ Trúarbrögð til forna gerðu ráð fyrir mætti náttúrunnar. Skynsemishyggja nútímans hefur gefið okkur margt en einnig svipt okkur „sýn“ og lokað ýmsum leiðum. Tvíhyggjukerfið er sem augnablöðkur og byrgir okkur sýn á hið ljóðræna í tilverunni eins og Weber benti á.

Fagurfræði náttúrunnar átti ekki afturhvarf inn í fræðin og umræðuna fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar, því listir voru meginviðfangsefni fagurfræðinnar. Viðmið í listinni voru í sífelldri endurskoðun. Söfn nægðu ekki lengur til að rúma listina og hún braust út í umhverfið og rann saman við náttúruna.

Kallað var á öll skilningarvitin til að nema upplifunina: hljóðin, lyktina, vindinn, hitann, veðrabrigðin (30). Skynjun, ímyndunaraflíð og tilfinningarnar léku um leið stærra hlutverk í fagurferðilegri upplifun heldur en hefðbundin þekking á náttúrufyrirbrigðum.

Dæmi um listsýningu sem rann saman við náttúruna er LANDVIST sem stóð yfir sumarið 2020 í Stóra-Klofa í Landsveit. Listafólkið sýndi flest í skála sem eitt sinn hýsti refabú. Það varð fyrir áhrifum frá rýminu og staðnum og á þann hátt varð þetta ljóðræn sýning. Einnig voru verk undir berum himni og í hundrað ára gömlu grjóthlöðnu fjárhúsi ásamt hlöðu. Sýningin var í landslagi dýra og manna enda gengu hænur lausar og settu svip á stemninguna með útsýni yfir gamalgróid hraun til Skarðsfjalls, Búrfells, Heklu og fleiri fjalla. „Tilfinning fyrir nærveru skepnanna er þar enn til staðar, refahár, ullartjásur á grjóti og framandi lykt af dýrum í loftinu [...] Verkefnið LANDVIST sá ég fyrir mér sem sáningu fræja,“ skrifaði Borghildur Óskarsdóttir myndlistarmaður, í tilefni sýningarinnar.¹⁹

Á slíkum sýningum mótast upplifun gesta ekki aðeins af sjón, hug og vitneskju heldur af því að vera líkamar á stað, „öllu því sem er að gerast í umhverfinu, hvernig við erum sem líkamar innan umhverfisins; við einbeitum okkur að fagurferðilegum eiginleikum sem við nemum í gegnum öll skilningarvitin“ (34).²⁰

18 Dorthe Jørgensen 2021: 68.

19 Borghildur Óskarsdóttir 2021: 8 og 16.

20 Tinna Gunnarsdóttir prófessor í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands sýndi í Héðinsfirði sumarið 2021 verk sem rann saman við náttúruna á staðnum. „Snert á landslagi“ er vinnutill á doktorsverkefni hennar þar sem áhersla er lögð á að fagurferðileg upplifun á landslagi verði virkjuð sem afl til umbóta.

Ef okkur tekst að hætta að nefna, skilgreina, útskýra og flokka umsvifalaust það sem fyrir ber, þá gefst vonandi tækifæri fyrir fagurferðilega undrun (34). „Það sem skiptir máli í hinna fagurferðilegu reynslu eru eiginleikar þess einstaka, það er upplifun mín af þessu fyrirbæri, núna á þessu augnabliki.“ (35)

Listafólk eins og ljóðskáld og ljósmyndarar þróa með sér fagurferðilega næmni fyrir ákveðnum stöðum. Lýsingar þeirra og verk skipta máli fyrir ímyndunarafli okkar sem leikur „eitt af mikilvægustu hlutverkunum í fagurferðilegri upplifun af náttúrunni“ (41).

Fegurðin býr á milli

Fleiri sálargáfur en skynsemi eru nefnilega næmar á veruleikann og geta veitt okkur upplýsingar, jafnvel um eitthvað órátt sem kallað er fegurð (38). Dómar um fegurð eru ekki aðeins smekkur, og reynsla af fegurð hefur gildi í sjálfum sér.²¹

Fagurfræðileg reynsla veitir þekkingu sem ekki fæst með mælingum eða útilokunaraðferðum. Að hugsa á fagurfræðilegan hátt felst í því að hugsa á útvíkkaðan hátt þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín á frjálsari og óhamdari máta en skynsemin leyfir okkur.

Ef upplifun sem vekur fegurðartilfinningu í brjósti verður kraftmikil, mikilfengleg og dulúðleg, þá hefur hið háleita runnið saman við hana. Á sama tíma öðlumst við vitund handan tvíhyggju „vitundar og viðfangs, þess huglæga og hlutlæga“ (48). Fegurðin býr þarna á milli, í því sem kalla má samhuglægni (e. *intersubjectivity*). Fegurðarhugtakið er mikilvægt m.a. vegna þess að það getur grætt sárið milli manns og náttúru, milli vitundar og viðfangs.

Við þurfum að leita þekkingar með hjálp ímyndunaraflsins og fagurfræði náttúrunnar og öðlast fagurferðilega reynslu til að þessi þekking verði okkur eiginleg. Þessi þekking sprettur fram þegar skynjun, ímyndunarafli og dómgreind smella saman.²²

Slík þekking þarf nauðsynlega að vera til staðar þegar ráða við hamfarahlýnun er leitað. Lausnin er þá ekki aðeins mannsins heldur felst hún í samspili manns og náttúru.

Lestur á greinum Guðbjargar R. Jóhannesdóttur og annarra núlifandi höfunda, eins og Timothy Morton, Galen A. Johnson og Dorte Jørgensen, hjálpar lesendum að losna úr viðjum vanans og opna hugann fyrir djúpum og víðum heimi eða heimum. „Hugarflugið (í formi hins fagurfræðilega ímyndunarafls) heldur okkur ekki föngrum í sjálfhverfni heldur opnar heim okkar fyrir því sem er stærra en við. Það þarf ekki að óttast ímyndunaraflíð,“ skrifar Dorte Jørgensen.²³

21 Dorte Jørgensen 2021: 52.

22 Dorte Jørgensen 2021: 37.

23 Dorte Jørgensen 2021: 62.

Hlutur frásagna í umhverfismati

Ímyndunaraflíð hjálpar okkur að túlka það sem við upplifum. Staðir hafa mismikil áhrif og opnast á mismunandi hátt. Hrikafegurð Dettifoss er ágeng, hún grípur fólk umsvifalaust með húð og hári og það stendur orðlaust andspænis kraftinum. Undrun vaknar yfir dulúðugum sköpunarkraftinum.

Látlaus staður getur einnig búið yfir falinni fegurð sem opinberast hægt og fólk þarf að dvelja í þar, leggja við hlustir, finna ilminn, snerta, drekka vatnið, bragða af berjunum og horfa með rósemd. Vitundin verður samofin staðnum og aftur vaknar undrun yfir tengslunum. „Við viljum vernda þá sem við elskum og tengjumst, hvort sem það eru manneskjur, landslag eða listaverk“ (135). Ef við elskum landslag köllum við það ekki virkjunarsvæði, byggingarsvæði eða beitarsland, vegna þess að við viljum vernda það fyrir raski, svo það geti áfram búið yfir eigingildi sínu.

Sögur af reynslu í slíku landslagi gleymast gjarnan í vísindalegu hagsmuna- og umhverfismati þegar rask stendur fyrir dyrum. Hvaða sögur hafa verið sagðar, hvaða ljóð samin? Nefna má bækur eftir náttúruverndara eins og Guðmund Pál Ólafsson, Helga Hallgrímsson og Sigrúnu Helgadóttur sem leita að heimildum þvert á greinar til að varpa ljósi á hálendið, Lagarfjót, víðerni Snæfells, Þingvelli, Ásbyrgi og aðrar perlur í náttúru Íslands. Þar birtast ekki aðeins lýsingar á náttúru og landslagi heldur einnig ljóð, þjóðsögur ásamt frásögnum af fjölskrúðugu fólki, dýrum og jurtum og jafnvel sögur af huldufólki. Frásagnir (e. *narrative*) eru meðal þeirra aðalatriða sem nauðsynlega þarf að kanna þegar tillaga um rask á svæði liggur fyrir (136).

Rannsóknir Guðbjargar og niðurstöður ættu að gagnast við að koma ákvörðunum í umhverfismálum á Íslandi upp úr hjólförunum, því hún býður upp á fleiri mælikvarða þar sem fagurferðilegt gildi landslags vegur þungt. „Til þess að við getum öðlast andlegan skilning á náttúrunni og sett gildi víðerna og óbyggða í forgang, þurfum við að setja fagurferðilegt gildi landslags í forgang“ (147–148).

Það er upplifun að lesa bókina *Vá!* og það er gefandi að sökkva sér í efnið. Greinarnar spanna svo margt og mörg sjónarhorn. Í greininni „Innra landslag líkamans“ koma t.d. fram óvænt tengsl milli landslags og líkama, því í íslenskum fornritum er landslag nefnt landsleg sem leiðir hugann að veru fósturs í legi. Guðbjörg skrifar afar gefandi kafla um okkur sem skynjandi og hugsandi líkama og nefnir m.a. dæmi um Henry David Thoreau sem sagði að það að dvelja einn í náttúrunni ýtti undir sjálfstæða, gagnrýna og heimspekilega hugsun (163).²⁴

Thoreau skrifaði:

Þau kvöld eru yndisleg þegar líkaminn verður allur eitt skynfæri og hörundið drekkur í sig unaðinn. Undarlega frjáls kem ég og fer um ríki náttúrunnar, er hluti af henni.²⁵

24 Jón Ásgeir Kalmannsson fjallar um náttúruskrif Henrys Davids Thoreau, þar sem m.a. er komið inn á þátt athyglinnar og ástarinnar í náttúruvernd, í grein sinni „Hið þanda segl, hinn rennandi lækur ...“ *Ritid* 3/2019.

25 H.D. Thoreau 2017: 145.

Við þurfum að renna saman við jökulinn

Bókinni *Vá!* lýkur á greininni „Fegurðin, jökullinn og ég“ en reynsla af jöklum getur leitt til djúpra og skjótra kynna af náttúrunni og sjálfum sér. Jöklar eru yfirþyrmandi og geta ef til vill veitt okkur nýjan skilning þegar maðurinn bókstaflega rennur saman við vatnið og okkur gefst ómetanlegt tækifæri til að dýpka skilning okkar á lífinu (171).

Við erum frosin í sporunum samkvæmt myndlíkingu Guðbjargar, við hikum, því við veltum enn fyrir okkur þeirri spurningu hvort tími loftslagsbreytinga sé hafinn og spurningunni um það hvort hann muni ef til vill ekki renna upp. Slík afstaða getur aðeins endað illa, því samband okkar við náttúruna hefur þá orðið firringunni að bráð. Við verðum nefnilega að upplifa staðreyndina innan frá og ímynda okkur áhrif hennar. Þekkingin þarf að vera inngreipt líkt og þegar við lokum augunum og reynum að rifja upp það sem við ættum að vita.

Ef þekkingin og reynslan af náttúrunni er ekki fyrir hendi er voðinn vís, þá fálum við bara eitthvað út í loftið. Við þurfum að renna saman við jökulinn: „Við jökullinn erum t.d. bæði vatn, við erum bæði fast form og fljótandi, við erum ferli, öfl og kraftar eins og allt annað á jörðinni [...] Við erum líka ferli sem er ógn og er ógnað,“ skrifar Guðbjörg (175).

Erum við reiðubúin til að hlusta á náttúruna? Hversu hátt þarf náttúran að öskra? Við hljótum a.m.k. að heyra í fellibyljum, skógareldum, eldgosum, jarðskjálftum, afleiðingum veirufaraldra og við getum heyrt jökla bresta og bráðna.

Við þurfum ekki að óttast ímyndunaraflíð eins og Dorthe Jørgensen bendir okkur á. Guðbjörg er sama sinnis. Við þurfum að rækta þetta ímyndunarafl til að geta skapað nýtt landslag vonar fyrir framtíðina. Við þurfum endurnýjaðan mannskilning sem „síast inn í frumur líkamans og verður aðgengilegur ímyndunaraflinu“ (177). Þá getum við bráðnað aftur saman við náttúruna og þá þurfum við fagurferðilega reynslu sem hvorki er huglæg né hlutlæg.

Ragnar Axelsson ljósmyndari hefur myndað jökla á Íslandi og Grænlandi í áratugi og er hugfanginn af þessum massa af ævaforum ís. Hann hefur gefið út bækur með verkum sínum og haldið sýningar um víða veröld, m.a. sýninguna *Where the world is melting*.²⁶ Hann sýndi mér fyrir nokkrum árum ljósmynd, sem síðar var á sýningu í München í Þýskalandi í desember 2021 fram í apríl 2022. Myndin sýnir jökulvatn þar sem greina má bráðnandi andlit. Ragnar bað mig um að skrifa um hana með því að beita ímyndunaraflinu. Það var auðvelt og mig langar að birta hér óbirt brot en það tengist á fagurferðilegan hátt lokakafli *Vá!* Vatn er óhjákvæmilega hringrás tímans á jörðinni og mér fannst eins og andlitið hefði birst ljósmyndaranum eitt andartak, hann hefði fangaði það á örskotsstundu og hlutverk mitt var að lesa skilaboðin. Vatnið er opin bók.

Andlit mitt er líkt og á dauðum manni sem legið hefur grafinn í jökul í þúsund ár en þegar þú leist mig sástu að von mín var enn ekki kulnuð. Von mín er von þín – án hennar hefðir þú ekki séð mig. Ef til vill má

26 Ragnar Axelsson 2021: München, 15.12.2021 – 18.04.2022..

kalla von þessa *von lífsins*. Hún er okkar en þó ekki okkar, hún er drif-fjöður og ef hún deyr breytist jörðin í ógn.²⁷

Já, hvers vegna segir fólk „Vá!“ frammi fyrir ægiföggu landslagi? Vegna þess að fegurðin sem það skynjar dælir blóðinu um hug og hjarta, hún snarvekur ímyndunaraflíð sem bræðir okkur saman og við verðum streymandi vatn á leið til sjávar.

Heimildir

- Borghildur Óskarsdóttir. 2021. *LANDVIST*, Stóri-Klofi 2020. Reykjavík. Sótt 1.2. 2022: <https://issuu.com/ferdalag/docs/landvist>
- Dorthe Jørgensen. 2021. *Hvers vegna bræðumst við ímyndunaraflíð?* Íslensk þýðing: Gísli Magnússon. Reykjavík: Stofnun Vígðísar Finnbogadóttur.
- Geir Sigurðsson. 2016. Náttúra, menning og manneðli í vestrænni og kínverskri hugsun. *Náttúran í ljósaskiptunum*, bls. 35–53.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2020. *Vál: Ritgerðir um fagurfræði náttúrunnar*. Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2011. Endurheimt fegurðarinnar á tímum náttúrunnar. *Hugur* 23/2011, bls. 89–103.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 2003. *Um víðerni Snæfells*. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 2000. *Hálendið í náttúru Íslands*. Reykjavík: Mál og menning.
- Gunnar Hersveinn. 2008. *Orðspor – gildin í samfélaginu*. Reykjavík: JPV.
- Gunnar Hersveinn. 1999. Fyrir þig Jökla. *Morgunblaðið C* – Dimmugljúfur, 22. júní, bls. 1–4. Sótt 13.01. 2022: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/475505/>
- Gunnar Hersveinn. 2018. Að raska ósnertum verðmætum. Reykjavík: *Stundin*. Sótt 13.01. 2022: <https://issuu.com/ferdalag/docs/landvist>
- Gunnar Hersveinn. 2021. Að raska óbyggðu víðerni. Reykjavík: *Stundin*. Sótt: 13.01. <https://stundin.is/blogg/lifsgildin/ad-raska-obyggdu-viderni/>
- Helgi Hallgrímsson. 2005. *Lagarfljót – Mesta vatnsfall Íslands, staðbættir, náttúra og saga*. Reykjavík: Skrudda
- Helgi Hallgrímsson. 2001. *Gengið með Gljúfrunum miklu*. Egilsstöðum: Naust.
- Henry David Thoreau 2017. *Walden eða lífið í skóginum*. Reykjavík: Dimma.
- Ingunn Snædal. 2006. *Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást*. Reykjavík: Bjartur.
- Ólafur Páll Jónsson. 2007. *Náttúra, vald og verðmæti*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Páll Skúlason. 2014. *Náttúrupælingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ragnar Axelsson. 2021. *Where the World is Melting*. München: Kunstfoyer der Versicherungskammer Kulturstiftung München.
- Sigrún Helgadóttir. 2011. *Þingvellir – þjóðgarður og heimsminjar*. Reykjavík: Opna.
- Steindór Steindórsson. 1998. *Íslenska vegahandbókin 1998*. Reykjavík: Íslenska bókaútgáfan.

27 Gunnar Hersveinn 2012.